# EYSTRA-SELJALAND í Rangárþingi eystra

## Deiliskipulag lóða fyrir ferðaþjónustu



Deiliskipulagsuppdráttur mkv. 1:2.000.



Skýringaruppdráttur mkv. 1:5.000.



Aðalskipulag Rangárþings eystra 2012 - 2024. Mkv. 1:100.000.

### NÚVERANDI DEILISKIPULAG

**Samþykkt af sveitastjórn Rangárþings eystra þann 14. Febrúar 2013.**

**Skipulagssvæðið**

Núverandi deilikskipulag nær til um 10 hektara landspildu úr jörðinni Eystra-Seljalandi í Rangárþingi eystra. Núverandi deiliskipulagið tekur til byggingar á 2 frístundarhúsum og allt að 15 smáhýsum. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Rangárþings eystra 2003-2015, þar er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að byggja allt að 3 frístundarhús á hverju lögbýli. Einnig er heimilt að byggja allt að 1.500 m2 sérhæfðar byggingar fyrir ferðaþjónustu.

**Kortagrunnar**

Skipulagsuppdráttur er teiknaður eftir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Kortagrunnar eru IS50v frá Landmælingum Íslands. Hnitkerfi er ISN93

**Skipulagsgögn**

i. Deiliskipulagsuppdráttur í mælikvarða 1:2000
ii. Skýringaruppdráttur í mælikvarða 1:5000 sem sýnir hugmynd um staðsetningu húsa, aðkomu að svæðinu ofl.
iii. Afstöðumynd í mælikvarða 1:100.000 sem er hluti af aðalskipulagsuppdrætti fyrir Rangárþing eystra 2003-2015.

**Fornminjar -** Engar þekktar fornminjar eru innan skipulagssvæðsins.

### LÝSING NÚVERANDI DEILISKIPULAGS

**Aðkoma og bílastæði**

Aðkoma að frístundarhúsum er um Suðurlandsveg og núverandi aðkomuveg að skemmu í landi Eystra-Seljalands. Sameiginleg bílastæði verða fyrir smáhýsi á lóð **F1**. Bílastæði verða sett við hvort hús á lóð **F2**. Kvöð er á lóð **F1** um aðkomu að lóð **F2**.

**Frístundarhús**

Á lóð **F1** er heimilt að byggja allt að 15 smáhýsi, hvert allt að 25 m2 að stærð. Mænishæð getur verið allt að 6 m m.v. hæð jarðvegs umhverfis húsin.

Á lóð **F2** er heimilt að byggja 2 frístundarhús, hvort um sig allt að 80 m2 að stærð. Mænishæð getur verið allt að 6 m m.v. hæð jarðvegs umhverfis húsin. Möguleg staðetning húsa er sýnd á skýringaruppdrætti.

**Útihús -** Á lóð Ú1 er um 900 m2 skemma. Afmörkuð er lóð umhverfis hana.

**Rafveita -** Húsin verða tengd veitukerfi RARIK.

**Vatnsveita -** Gert er ráð fyrir að neysluvatn komi úr samveitu sem fær vatn úr lind í landi Seljalandstorfu.

**Fráveita -** Frárennsli veður leitt í sameiginlega rotþró/hreinsivirki í samræmi við reglugerð nr 798/1999.

**ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR**

Húsagerðir eru frjálsar að öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Mænisstefna er frjáls.

### BREYTING Á DEILISKIPULAGI 2022 – Reitir F2 og F3.

Breyting þessi nær yfir reit **F2 OG F3** á deiliskipulagsvæðinu. Lóðir/reitir F3, F4 og F5 voru samþykktir á útgefnu lóðarblaði þann 9. Nóvember 2017.

Á lóð **F2** verður heimilt að byggja gisti- og þjónustu hús fyrir ferðamenn ásamt starfsmanna aðstöðu allt að 600 m2 að stærð í um 2-3 húsum. Mænishæð getur verið allt að 6 m m.v. hæð jarðvegs umhverfis húsin. Möguleg staðetning húsa er sýnd á skýringaruppdrætti.

Á lóð **F3** verður heimilt að byggja gisti- og þjónustu hús fyrir ferðamenn ásamt starfsmanna aðstöðu allt að 600 m2 að stærð í um 2-3 húsum. Mænishæð getur verið allt að 6 m m.v. hæð jarðvegs umhverfis húsin. Möguleg staðetning húsa er sýnd á skýringaruppdrætti.

Kvöð er á aðkomu að lóðum, frá Suðurlandsvegi, um lóð **F5**, sem sýnd er á uppdrætti.

**Að öðru leyti gilda skilmálar frá eldra samþykktu deiliskipulagi.**

SAMÞYKKTIR:

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MEÐFERÐ Í SAMRÆMI VIÐ ÁKVÆÐI 2. MGR. 43 GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 VAR SAMÞYKKT Í/Á ______

ÞANN ______ 20___ .

TILLAGAN VAR GRENNDARKYNNT FRÁ ______ 20___ MEÐ ATHUGASEMDAFRESTI TIL ______ 20___.

AUGLÝSINGIN UM GILDISTÖKU BREYTINGARINNNAR VAR BIRT Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN ______ 20___.

______

**Eystra Seljaland, Rangárþing eystra**


davíð kr. pitt arkitekt faí
kt 101069-5249

Hverfisgata 56
Reykjavík
IS-101
Iceland

+(354) 896 2490
dkpitt@simnet.is


001

KVARÐI: 1:500
DAGS: 10.12.2021